

FERÐIR MEÐ RÚTUM EÐA BÍLALEIGUBÍL



Reykjavik Excursions

Reykjavík Excursions (www.re.is) býður upp á ferðir fyrir hreyfihamlaða, hvort sem þeir nota handknúinn hjólastól eða rafdrifinn til og frá flugstöðinni í Leifstöð að/frá BSÍ eða hóteli.

Einnig eru í boði dagsferðir, svokallaðar RE-ferðir, fyrir þá sem nota handknúinn hjólastól og fer aðstoðamaður með endurgjaldslaust. Dagsferðirnar eru þannig fyrir hreyfihamlaða sem nota samanbrjótanlegan hjólastól sem hægt er að aðstoða með góðu móti í og úr bifreið, án þess að viðkomandi hljóti óþægindi af. Enn sem komið er getur fyrirtækið ekki tekið á móti farþegum sem eru alveg bundnir við hjólastól í dagsferðirnar. Fyrirtækið vill þó gjarnan fá fyrirspurnir þess efnis á sales@re.is bæði til að athuga hvort viðkomandi hafi tök á að fara í almennar dagsferðir eða benda á aðra kosti, jafnvel setja upp sérstaka ferð í sérútbúinni bifreið.

Það gildir bæði fyrir flugrútuna og RE-ferðirnar að hafa þarf samband við Reykjavík Excursions í síma 580 5400 með sólarhringsfyrirvara til að láta vita hvort hjólastóllinn er handstýrður/samanbrjótanlegur eða rafknúinn.

Verð með flugrútunni er 2.500 kr. önnur leiðin en verð í dagsferðirnar eru mismunandi, sjá á www.re.is.

Á vefsíðu Reykjavík Excursions www.re.is/faq má finna upplýsingar á ensku fyrir viðskiptavinum en íslensk útgáfa af vefsíðunni er væntanleg. Hægt er að hafa samband við sölufulltrúa á sales@re.is þar sem þarfir og aðstæður einstaklinga eru mismunandi.



Fyrir þá sem vilja ferðast um landið á eigin vegum er hægt að leigja sérútbúinn, Toyota HiAce, með skábraut hjá Bílaleigunni Hertz (www.hertz.is).

Toyota Hiace 4x4, 9 manna eða sambærilegur



5 dyra,
beinskiptur
9 manna
9 töskur
CO2 = 221 g/km
Má fara á hálendið

Upplýsingar um verð er hægt að fá með því að senda fyrirspurn á hertz@hertz.is eða hringja í síma 522 4400.



5 88 55 22

Leigubílastöðin Hreyfill (www.hreyfill.is) hefur marga sérútbúna leigubíla á sínum snærum. Sími stöðvarinnar er 588 5522.